

**Greinargerð um þörf á efnafræðingi í
staðgengilsstarf á jarðefnafræðideild**

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-86-15

GREINARGERÐ UM ÞÖRF Á EFNAFRÆÐINGI Í STAÐGENGILSSTARF Á
JARÐEFNAFRÆÐIDEILD

Verksvið Jarðefnafræðideildar er efnafræðilegar rannsóknir á jarðhita-kerfum. Deildin sér um sýnatöku á jarðhitavatni, efnagreiningu þess, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna. Starfsemi deildarinnar nær yfir öll stig í rannsókn jarðhitasvæða; forrannsókn, djúprannsókn og vinnslurannsóknir. Jarðefnafræðideild rekur efnarannsóknastofu Orkustofnunar og mikilvægur þáttur í starfsemi deildarinnar er efnagreiningaþjónusta við stofnunina í heild.

Á efnarannsóknastofunni hafa síðustu fjögur ár verið skráð 450-700 sýni árlega og gerðar á þeim 5500-7000 einstakar greiningar. Sýnafjöldi hefur verið að aukast á þessum fjórum árum. Um þriðjungur af sýnum árið 1985 var kalt vatn og afgangurinn jarðhitavatn. Hlutur kalda vatnsins hefur aukist s.l. tvö ár vegna söluverka fyrir laxeldisstöðvar. Um 75% af efnagreiningum 1985 eru vegna söluverka, 15% vegna deildarverka og 10% vegna fagverka. Söluverkin eru vegna þjónustu við hitaveitur, jarðhitavirkjanir, einstaka bæji og sveitarfélög og auk þess hafa fiskeldisverkefni orðið stór liður s.l. ár.

Á Jarðefnafræðideild eru sjö starfsmenn í fullu starfi þ.e. 5 sérfræðingar og 2 rannsóknarmenn. Auk þess hafa yfirleitt starfað 2-3 lausráðnir menn að sérstökum verkefnum. Tveir af sérfræðingum deildarinnar eru jarðefnafræðingar, einn jarðfræðingur og tveir efnafræðingar. Annar efnafræðinganna (Halldór Ármannsson) hefur efnagreiningatækni sem sérsvið. Tveir rannsóknarmenn starfa við greiningar á efnarannsóknastofunni auk lausamanna. Sérfræðingarnir starfa ekki að jafnaði við efnagreiningar á stofunni, en gera þó einstöku sérhæfðar greiningar.

Til að tryggja að bestu aðferðum sé beitt í öllum tilvikum er nauðsynlegt að efnafræðingur með efnagreiningatækni sem sérsvið fylgist með þróun aðferða á stofunni. Hvert nýtt viðfangsefni krefst einhvers konar sérmeðhöndlunar og því getur þessi hluti starfseminnar ekki legið niðri um lengri tíma.

Sérfræðingarnir annast sýnatöku ásamt rannsóknarmönnum, en þeirra aðalstarf er úrvinnsla og túlkun á niðurstöðum. Úrvinnslan krefst sérhæfðrar menntunar og þjálfunar á sviði efnafræði og jarðefnafræði.

Mikilvægt er að ráða staðgengil í eitt ár í stað þess efnafræðings deildarinnar, sem hefur sérsvið í efnagreiningatækni, Halldórs Ármannssonar, sem verður í leyfi vegna starfa erlendis. Halldór fékk ársleyfi frá 1. sept. 1985 og var þá Vigdís Hjaltadóttir efnafræðingur ráðin í hans stað. Nú hefur Halldór fengið leyfið framlengt í ár í viðbót, en Vigdís Hjaltadóttir getur ekki af persónulegum ástæðum ráðið sig í annað ár. Því þarf að finna annan efnafræðing í staðinn til að Jarðefnafræðideild geti sinnt þeim sölu- og þjónustuverkefnum sem ætlast er til að hún sinni og staðið við gerðar skuldbindingar.

Kannað hefur verið innan stofnunarinnar hvort þar sé fólk sem gæti nýst í þetta starf, en svo er ekki. Reyndar er enginn efnafræðingur á Orkustofnun utan Jarðefnafræðideildar. Einnig hefur verið leitað óformlega og spurst fyrir utan stofnunar um efnafræðinga, sem væru á lausu, en það hefur ekki borið árangur. Því er lagt til að kanna til þrautar með auglýsingu hvort ekki fáist efnafræðingur í starfið, enda hefur það áður gefist best að auglýsa.